

Faghópur leikskólaliða - ársfundur

Faghópur leikskólaliða Eflingar er að hefja sitt fimmta starfsár.

Faghópur leikskólaliða í Eflingu-stéttafélagi hélt ársfund sinn mánudaginn 26. mars 2012. Kosning stjórnar fór fram þar sem Harpa Ásgeirsdóttir og Aðalbjörg Jóhannesdóttir buðu sig aftur fram til tveggja ára. Þar sem engin mótframboð voru var þetta samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir ársskýrslu leikskólaliða en faghópur leikskólaliða er nú að hefja sitt fimmta starfsár og hefur leikskólaliðum hjá Eflingu fjölgað stöðugt á þessum tíma.

Betur sjá augu en auga

Sigríður Marteinsdóttir hélt afar fróðlegan fyrirlestur um málefni barna sem verða fyrir ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðisofbeldi. Erindið hét Betur sjá augu en auga, forvarnir og almenn velferð barna. Einkenni ofbeldis og vanrækslu. Hún kom inn á mikilvægi þess að láta barnið alltaf njóta vafans og fór í gegnum einkenni vanrækslu og ofbeldis og hver skylda starfsmanna leikskólans er ef þeir verða varir við slíkt. Börn á leikskólaaldri eru líklegri til að segja frá ofbeldi heldur en börn á grunnskólaaldri en eftir því sem barnið verður eldra verða líkurnar minni á að það segi frá. Sigríður kom einnig inn á það að starfið á leikskólanum getur verið forvörn gegn einelti þar sem starfsfólk getur oft séð hvaða börn eru líkleg til að verða fyrir einelti og hverjir eru líklegir til að leggja aðra í einelti.

Enn undirmannað

Í lok fundarins tilkynnti Sigurrós Kristinsdóttir að það ætti að fara fram endurmat á starfi leikskólaliða og í kjölfarið hófust umræður um ýmislegt er tengist starfi leikskólaliða. Það kom fram að enn væri undirmannað á leikskólum en þeir leikskólaliðar sem sinna hópastarfi fá flestir undirbúningstíma til að sinna því starfi. Sigurrós hvatti leikskólaliða til að mæta á fundi og verða þannig öflugur hópur. Að lokum kom Helga Björk Pálsdóttur, fyrrum verkefnisstjóra hjá Mímir sem útskrifaði fyrsta hóp leikskólaliða, upp í pontu og rifjaði upp skemmtileg atvik um fyrstu hópana sem hófu nám í leikskólalabru.

Félagsfundur 9. nóvember 2011

Á seinni fundinum var Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur, með erindið *Samskipti - tóm gleði eða stress og óþarfa stúss*. Þórkatla talaði um lífssviðin þrjú sem eru vinnan, heimilið og frístundirnar og hversu mikilvægt það sé að greina á milli hlutverka sem maður gegnir og taka ekki vinnuna með sér heim. Togstreita í samskiptum getur verið lýjandi en jákvæð samskipti snúast um að fólk beri ábyrgð á sjálfu sér og beri gagnkvæma virðingu hvort fyrir öðru.

Sigurrós Kristinsdóttir kynnti niðurstöður úr Gallupkönnun þar sem kom fram að leiðbeinendur á leikskólum hefðu orðið hart úti, þeir hefðu orðið fyrir launaskerðingum, auknu álagi og höfðu meiri fjárhagsáhyggjur af stöðu sinni en aðrir hópar. Leiðbeinendur voru reyndar ekki einir um að upplifa aukið álag í starfi því sama átti við um fleiri umönnunarstéttir þar sem hátt hlutfall taldi að álag hafi aukist mikið í starfi. Starfsfólk á leikskólum er undir miklu álagi og hefur það aukist á síðastliðnu ári. Voru niðurstöður könnunarinnar í samræmi við umræður í sal.